

Erindi frá LMFÍ.

Alþingi

Erindi nr. Þ 121/237
komudagur 28/11 1996

**Frumvarp til laga
um breytingu á lögum nr. 94/1996,
um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.**

1. gr.

Orðið "lögmönnum" í 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, er orðast svo:

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóðs skv. 1. mgr. hvílir einnig á lögmönnum þegar þeir innheimta eða hafa milligöngu um innheimtu á vaxtatekjum og afföllum, enda falli eigandi kröfunnar og vaxtateknanna undir 1. gr. eða 2., 3., 5., 6. og 7. tölulið 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
